

### Verklags- og vinnureglur vegna:

- styrkveitinga landsliðsmanna
- Íslandsmeistara
- heiðursviðurkenninga.

---

### Landsliðsmenn

**Markmið:** Veita aðildarfélögum ÍBA viðurkenningu fyrir afreksstarf. Allir iðkendur sem eru skráðir í aðildarfélög ÍBA og keppa sannanlega undir merkjum aðildarfélaga ÍBA eru galdgengir til styrkveitingar.

**Umsjón:** Afrekssjóður og forstöðumaður íþróttamála

**Viðurkenning:** Afrekssjóður veitir peningastyrk fyrir hvern landsliðsmann sem keppir/spilar fyrir Íslands hönd á árinu.

Stjórn Afrekssjóðs ákveður heildarupphæð sem fer til landsliðsmanna með tilliti til fjármagns sem ætlað er til styrkja frá íþróttaráði og deilist sú upphæð á heildarfjölda landsliðsmanna innan aðildarfélaga ÍBA.

**Ferli:** Aðildarfélög skila inn yfirliti á sérstökum eyðublöðum sem forstöðumaður íþróttamála sendir út til aðildarfélaga á hverju hausti. Þar skal tekið fram nafn, fæðingarár, póstnúmer lögheimilis, íþrótt og/eða grein sem viðkomandi keppti í og a.m.k. eitt mót/viðburður sem viðkomandi keppti á fyrir Íslands hönd.

---

### Íslandsmeistarar

**Markmið:** Veita aðildarfélögum ÍBA viðurkenningargvott vegna árangurs á landsvísu á undangengnu ári.

**Umsjón:** Forstöðumaður íþróttamála

**Viðurkenning:** Sérstakt skjal í ramma með nöfnum allra Íslandsmeistara félagsins. Undirritað af forstöðumanni íþróttamála og formanni ÍRA. Viðmið íþróttaráðs er að veita viðurkenningu fyrir árangur iðkenda 11 ára og eldri. Undantekningar má þó gera ef ástæða þykir..

**Ferli:** Aðildarfélög skila yfirliti á sérstökum eyðublöðum sem forstöðumaður íþróttamála sendir út til aðildarfélaga á hverju hausti. Þar skal tekið fram nafn, fæðingarár, póstnúmer lögheimilis, íþrótt og/eða grein sem viðkomandi varð Íslandsmeistari í.

Í sérstökum tilfellum getur stjórn Afrekssjóðs gert undanþágu á ofangreindum vinnu- og verklagsreglum.

---

### Heiðursviðurkenningar

**Markmið:** Íþróttaráð veitir heiðursviðurkenningar fyrir störf að félags-, íþrótt- og æskulýðsmálum. Að heiðra einstaklinga sem hafa unnið óeigingjarnt og mikið sjálfboðaliðastarf í þágu félags- íþrótt- og æskulýðsmála á Akureyri.

**Umsjón:** Afrekssjóður, forstöðumaður íþróttamála og íþróttaráð.

**Viðurkenning:** Sérstakt skrautskrifað skjal í ramma og undirritað af íþróttaráði

**Ferli:** Stjórn Afrekssjóðs kallar eftir tilnefningum í október frá aðildarfélögum, heldur utan um tilnefningar og tilnefnir þá sem hljóta heiðursviðurkenningu, Tillögum skal vísað til íþróttaráðs sem samþykkir/hafnar og afhendir viðurkenninguna.

---

Samþykkt á fundi Afrekssjóðs Akureyrar 9. mars 2015